

Héraðsdómur Austurlands

Dómur 18. desember 2024

Mál nr. E-148/2023:

Tristan Aðalsteinsson

(Eva Dís Pálmadóttir lögmaður)

gegn

Reisugili ehf.

(enginn)

Dómur

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. síðasta mánaðar, var höfðað 29. ágúst 2023 af Tristani Aðalsteinssyni, Valagili 12 á Akureyri, á hendur Reisugili ehf., Búðavegi 48 á Fáskrúðsfirði.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.760.334 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 285.412 krónum frá 1. nóvember 2022 til 1. desember sama ár, af 640.190 krónum frá þeim degi til 1. janúar 2023, af 1.034.402 frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, af 1.532.366 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár og af 1.760.334 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum 100.000 króna 1. nóvember 2022, 75.000 króna 18. nóvember 2022, 40.000 króna 28. nóvember 2022, 20.207 króna 1. desember 2022, 161.981 krónu 21. desember 2022 og 74.000 króna sama dag, 8.000 króna 2. febrúar 2023, 229.648 króna 3. febrúar 2023 og 149.940 króna 1. mars 2023, samanlagt 858.776 krónum, sem dragast skuli frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardögum. Þá er krafist vaxtavaxta samkvæmt 12. gr. sömu laga er leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti. Loks krefst stefnandi málskostnaðar og virðisaukaskatts af málskostnaði.

Af hálfu stefnda var skilað greinargerð 2. nóvember 2023. Þar er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi.

I

Í kjölfar þess að lögð var fram greinargerð af hálfu stefnda var málið nokkrum sinnum tekið fyrir á dómþingi. Í fyrstu annaðist lögmaður málarekstur stefnda, og skilaði þar á meðal greinargerð, en lét af þeim störfum í byrjun maí síðastliðins. Að svo búnu var

málinu frestað í nokkur skipti til að fyrirvarsmaður stefnda, sem er ólöglerður, gæti ráðið annan lögmann til að gæta hagsmuna stefnda, en einnig vegna gagnaframlagningar aðila. Ekki varð úr að annar lögmaður tæki við rekstri málsins fyrir stefnda. Eftir að fyrirvarsmaður tók við rekstri málsins var honum leiðbeint um meðferð þess, hvort tveggja á dómþingum og í tölvupóstsamskiptum. Var aðalmeðferð ákveðin 18. síðasta mánaðar.

Sá dómari sem leggur dóm á málið tók svo við meðferð þess 1. nóvember 2024, en hafði fram til þess tíma engin afskipti haft af meðferð þess. Úr varð að morgni 18. nóvember síðastliðinn að upplýst var um að ekki yrði mætt af hálfu stefnda við aðalmeðferðina og að stefndi kysi að málið yrði dæmt á grunni skriflegra gagna. Kom það til í kjölfar þess að fyrirvarsmaðurinn naut enn á ný leiðbeininga dómara til samræmis við 4. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Í samræmi við þetta féll þingsókn stefnda niður þann dag. Stefnandi, aftur á móti, mætti á dómþing ásamt lögmanni sínum. Af hans hálfu var óskað eftir að skila skriflegri sókn, sbr. 3. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991. Var meðferð málsins frestað í því skyni til 21. síðasta mánaðar, en þann dag var af hálfu stefnanda lögð fram skrifleg sókn ásamt þar tilgreindum gögnum og málið að svo búnu tekið til dóms.

II

Málsatvik eru í meginatriðum þau að stefnandi og eigendur stefnda kynntust þegar unnið var af hálfu stefnda við endurbætur á húsnaði tengdaföður stefnanda. Stefnandi réð sig í vinnu hjá stefnda og hóf störf 10. október 2022, en aðila greinir á um hvort stefnandi hafi verið fastráðinn í fullt starf eða í tilfallandi störf. Af hálfu stefnda er greint svo frá að stefnandi hafi verið fyrsti og eini launþegi félagsins, að fyrirvarsmanni stefnda og eigin konu hans frátöldum. Aðilar gerðu ekki með sér skriflegan ráðningarsamning en óumdeilt er að tímakaup stefnanda í dagvinnu hafi í upphafi átt að vera 2.500 krónur. Aðila greinir á hinn bóginn á um hvort það tímakaup hafi átt að taka breytingum með vísan til ákvæða kjarasamninga á þeim tíma sem á vinnusambandinu stóð eða ekki.

Af hálfu stefnanda er greint svo frá að stefndi hafi í upphafi ekki getað boðið sér fullt starf eða fastráðningu. Eftir fyrsta mánuðinn hafi hann hins vegar átt að vera fastráðinn og í fullu starfi, líkt og tímaskráningar stefnanda sjálfs á árinu 2022 beri með sér, en þær hafi verið sendar stefnda 18. desember það ár. Ekki hafi verið um íhlaupavinnu að ræða enda unnið alla virka daga utan fyrsta mánaðarins og jólafrís stefnanda. Hið sama verði

ráðið af skráningum stefnda í tímaskráningarkerfið Tímon á árinu 2023, en þar hafi stefndi skráð stefnanda sem fastráðinn. Stefndi aftur á móti fellst ekki á að um fullt starf hafi verið að ræða og mótmælir einnig í greinargerð tímaskráningum stefnanda árið 2022. Fyrir liggja tímaskráningar af hálfu stefnda á vinnu stefnanda fyrir þann tíma. Ekki er þó teljandi misræmi á milli skráninga aðila fyrir en í desember 2022 sem stefnandi rekur nánar í málatilbúnaði sínum sem rakinn er í aðalatriðum í kafla III. Ekki er ágreiningur um tímaskráningar á vinnu stefnanda á árinu 2023, ef frá eru taldar veikindaskráningar.

Þá bera málgögn og málflutningsyfirlýsingar aðila með sér að óregla hafi verið á því hvenær vinnudagur stefnanda hafi byrjað, en aðilum ber ekki saman um ástæður þess. Þá má sömuleiðis sjá af málgögnum að launagreiðslur voru óreglulegar og að vanhöld hafi verið á útgáfu launaseðla og skilum launatengdra gjalda. Ekki er ágreiningur um hvaða greiðslur hafi þó verið greiddar stefnanda og á hvaða dögum.

Samkomulag varð með aðilum um starfslok stefnanda 13. febrúar 2023, en þá greinir eftirleiðis á um það hvort stefnandi hafi fengið greidd full laun fyrir störf sín.

III

Stefnandi byggir á því að þar sem hann sé félagsmaður í AFLi Starfsgreinafélagi fari um kjör hans eftir kjarasamningi milli þess félags og Samtaka atvinnulífsins, sem gilt hafi 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022, og svo eftir kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambands Íslands vegna allra aðildarféлага SGS nema Eflingar – stéttarfélags, sem gilt hafi frá þeim degi til 21. janúar 2024. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og 10. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, skuli laun og önnur starfskjör sem samið sé um vera lágmarkskjör. Samningar um lakari kjör skuli ógildir en sammingsfrelsi sé aftur á móti um betri kjör.

Stefnandi telur sannað að í október 2022 hafi aðilar komist að samkomulagi um ráðningarkjör. Þau hafi verið um fastráðningu stefnanda í fullt starf eftir fyrsta mánuðinn og um 2.500 króna dagvinnulaun við upphaf ráðningar. Þá skyldi yfirvinnukaup, sem greiðist með tímakaupi sem svari 80% álagi á dagvinnukaup, sbr. grein 1.6.1 í kjarasamningi, vera 4.500 krónur á klukkustund við upphaf ráðningar. Því sé ómótmælt, en í greinargerð sé því þó haldið fram að ekki hafi verið samið um þetta dagvinnukaup fyrir

en í nóvember. Sú fullyrðing sé á hinn bóginn ósönnuð og ósennileg, enda hafi frá upphafi verið miðað við tímakaupið. Áréttað sé að jafnvel þó að stefndi haldi því fram að vinna hafi átt að vera „svört“, að minnsta kosti fyrst um sinn, breyti það ekki því að tímakaupinu sem slíku hafi ekki verið mótmælt. Stefndi beri hallann af sönnunarskorti sem upp kunni að koma um tímakaupið og ráðninguna, þar sem hann hafi ekki gert skriflegan ráðningarsamning við stefnanda, eða staðfest kjör hans skriflega, svo sem skylt sé samkvæmt grein 1.14 í eldri kjarasamningnum og grein 1.13 í þeim yngri.

Þá vísar stefnandi til þess að hafa frá upphafi verið skýr um hvað hafi verið samið um, en málatilbúnaður stefnda sé harla ótrúverðugur. Því hafi verið haldið fram af hálfu stefnda að um tilfallandi íhlaupavinnu hafi verið að ræða og því hafi ekki verið skylt að gera ráðningarsamning. Sönnunarbyrði um þá staðhæfingu beri stefndi og hafi ekki axlað hana. Samkvæmt greinum 1.14.1 og 1.13.1 í kjarasamningunum sé gert ráð fyrir að sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en mánaðar, og vinni hann að meðaltali í meira en átta klukkustunda vinnu á viku, beri að gera ráðningarsamning innan tveggja mánaða eða staðfesta ráðningu skriflega. Bæði skilyrðin eigi við, en ekki ákvæði 1.14.3 og 1.13.3 samninganna um undanþágu frá skyldu til að gera skriflegan ráðningarsamning vegna tilfallandi starfa, ef hlutlægar ástæður komi til, eins og haldið sé fram af hálfu stefnda. Það að um tilfallandi íhlaupavinnu hafi verið að ræða fái auk þess enga stoð í tíma-skráningum stefnanda alla virka daga frá miðjum nóvember og til starfsloka, að frátöldu frí sem hann hafi tekið um jólin. Eðli máls samkvæmt þurfi að halda utan um tíma-skráningar, þar með yfirvinnu, jafnvel þótt um fastráðinn starfsmann ræði. Þá sé óútskýrt af hálfu stefnda hvers vegna hann hafi „stofnað stefnanda“ sem fastráðinn í tíma-skráningarkerfi sínu. Þá hafi engin efnisleg mótmæli verið færð gegn tölulegum mála-tilbúnaði stefnanda eða tilraun gerð til þess að rökstyðja hver laun hans ættu að vera ef fallist væri á að hann hafi ekki verið ráðinn í fullt starf. Stefndi hafi ekki lagt vinnu í að forma varakröfu ef fallist yrði á að um íhlaupavinnu hafi verið að ræða og væri slík krafa að öllu leyti vanreifuð af hans hálfu.

Þá byggir kröfugerð stefnanda á því að með nýjum kjarasamningi hafi verið samið um launabreytingar frá 1. nóvember 2022 sem skyldu nema 33.000 krónum á mánuði, eða 190 krónum á dagvinnulaun, sbr. grein 1.2.1 í samningnum og grein 1.4 um deilitölu dagvinnutímakaups, 173,33 í mánaðarkaup. Frá og með þeim degi skuli dagvinnukaup stefnanda því vera rúmlega 2.690 krónur á tímann, en yfirvinnukaup með 80% álagi vera tæpar 4.843 krónur. Þær breytingar skuli bætast við kaup stefnanda, enda sé ekki hægt

að semja sig frá kjarasamningsbundnum kjörum og þar á meðal ekki lágmarkslaunahækkunum. Þaðan af síður sé hægt að semja um það áður en hækkanirnar verði að þær séu innifaldar í kjörunum sem áður hafi gilt. Útreikningunum sjálfum á launahækkun stefnanda hafi stefndi ekki mótmælt.

Fyrir liggi útreikningar á vinnutíma stefnanda, sem byggja á samtímaskráningum hans og færslum úr tímaskráningarkerfinu Tímoni. Stefndi hafi boðað framlagningu frekari gagna úr því kerfi en ekki staðið við það. Skorað hafi verið á stefnda að leggja fram afrit reikninga og tímaskráninga sem hann hafi sent viðskiptavini sínum, Eskju, en það hafi stefndi hvorki gert né mótmælt tímaskráningum stefnanda. Stefndi hafi einvörðungu lagt fram tímaskráningu fyrir árið 2022 sem útbúin hafi verið af hálfu stefnda. Sú skráning sé að miklu leyti í samræmi við tímaskráningar stefnanda, að frátöldum nokkrum dögum í desember 2022. Þá séu launaseðlar sem lagðir voru fram af hálfu stefnda í engu samræmi við ágreiningslausar tímaskráningar, jafnvel þótt fallist væri á allan málatilbúnað stefnda. Stefndi byggir því á að stefndi hafi ekki hnekkð þeim skráningum. Sönnunarbyrði í þessa veru hafi stefndi ekki axlað, með mótmælum án gagnaframlagningar, um hvernig þetta hafi þá átt að vera. Því eigi að leggja tímaskráningar stefnanda til grundvallar.

Þá vísar stefndi til þess að eitt sé að leggja tímaskráningarnar til grundvallar, en annað sé að útreikningar og málsástæður stefnanda sæti að hluta til, en þó ekki að öllu leyti, einnig öðrum andmælum. Í fyrsta lagi mótmæli stefndi því að stefndi hafi átt veikindarétt, en stefndi byggir á því að honum beri veikindalaun, sbr. greinar 8.1.1 í báðum kjarasamningunum og 6. gr. laga nr. 19/1979, vegna þeirra daga sem hann hafi raunverulega verið veikur eða skráður veikur af stefnda, þ.e. í tvo daga á staðgengils-launum hvern unninn mánuð. Stefndi byggir sem fyrr á að hafa verið fastráðinn, en vekir athygli á að kjarasamningar geri það ekki að skilyrði. Stefndi hafi ekkert verið veikur í október, tvo daga í nóvember, einn dag í desember, fjóra í janúar, fyrir utan jarðarför, og svo skráður veikur fjóra daga í febrúar, en það hafi verið þá sem fyrirsvarsmaður stefnda hafi skikkað hann til að vera heima. Vart verði litið svo á að stefndi hafi þar gengið á sinn kjarasamningsbundna veikindarétt. Stefndi hafi því ekki tekið veikindadaga umfram sinn rétt eða fullnýtt hann og stefndi byggir heldur ekki einu sinni á því. Hvað varði málsástæður stefnda að þessu leyti sé þeim því alfarið hafnað og til dæmis bent á að stefndi hafi áður fallist á að stefnanda bæri veikindadagar með launaseðlum sem lagðir hafi verið fram af hálfu stefnda og laun greidd samkvæmt. Því sé það ótrúverðug eftiráskýring að stefndi hafi ekki átt veikindarétt.

Einungis sé krafist greiðslu fyrir unna vinnutíma fyrsta mánuðinn í starfi, jafnvel þótt upp á fulla dagvinnu vanti á virkum dögum, utan þess að stefndi sé krafinn greiðslu vegna fjögurra klukkustunda vinnu stefnanda helgina 22.–23. október með vísan til greina 1.8 og 1.9 í eldri kjarasamningnum um útkall og að minnsta kosti hálf dagvinnulaun. Stefndi njóti að öðru leyti vafans í þeim efnum í heilan mánuð, jafnvel þó að aðeins hafi verið samið um óformlega vinnu fyrstu vikunnar, og að miða við mánuð sé því vel í lagt og jafnvel í ósamræmi við ákvæði kjarasamninga. Stefndandi kjósi einfaldlega að takmarka kröfur sínar að þessu leyti til einföldunar. Um fyrsta mánuðinn sé því ekki teljandi ágreiningur. Eftir 10. nóvember byggir stefndandi á að honum beri að lágmarki átta klukkustunda dagvinnulaun fyrir hvern virkan vinnudag. Því hafi stefnda eigi síðar en þá borið, í skjóli verkstjórnarvalds síns og á grundvelli ákvæða kjarasamnings, að tryggja stefnanda, sem fastráðinn hafi verið í fullt starf, laun fyrir það starfshlutfall óháð verkefnastöðu stefnda á hverjum tíma eða því hvenær fyrirsvarsmaður stefnda hafi getað hugsað sér að mæta í vinnu og sækja stefnanda. Fyrirsvarsmaðurinn hafi alltaf ráðið upphafi og lokum vinnutíma stefnanda. Dómkrafa stefnanda miðist við þessa útreikninga og séu þeir í samræmi við grein 1.9 í eldri kjarasamningnum og grein 1.8 í þeim yngri, sbr. einnig stoð í greinum 1.8 og 1.7 um útkall. Á sama grundvelli sé fyrir vinnu um helgar, sem ekki nái fjórum klukkustundum, ávallt krafist launa fyrir að lágmarki fjórar klukkustundir, eða átta klukkustundir nái vinna yfir meira en hálfan dag. Af hálfu stefnda hafi engin efnisleg rök verið færð fyrir því af hverju þessi ákvæði samninganna skuli ekki virða og í raun sé þeim ekki mótmælt, heldur aðeins því að stefndandi hafi verið ráðinn í fullt starf. Þessi ákvæði gildi á hinn bóginn óháð því.

Ávallt sé krafist yfirvinnukaups, sbr. grein 1.7.1 í eldri kjarasamningnum og 1.6.1 í hinum yngri, fyrir vinnu eftir kl. 17:00 á virkum dögum og um helgar, sbr. grein 2.2 í báðum samningunum. Því sé ekki mótmælt af hálfu stefnda. Þá byggir stefndandi á því að honum hafi borið matar- og kaffitímar, sbr. greinar 3.1 og 3.2 í samningunum. Stefndandi heldur því fram að í einhverjum tilfellum hafi það ekki verið virt og hefur það ekki sætt andmælum af hálfu stefnda. Stefndandi hafi aftur á móti engar sérstakar kröfur gert vegna þessa. Loks byggi stefndandi á því að honum beri 10,17% orlof á laun sín, sbr. grein 4.1.1 í samningunum og 2. mgr. 7. gr. orlofslaga nr. 30/1987, en því sé heldur ekki andmælt af hálfu stefnda. Heldur ekki því að stefnanda beri desemberuppbót, sbr. grein 1.4.1 í eldri kjarasamningnum og grein 1.3.1 í hinum yngri. Hún hafi numið 98.000 krónum á árinu 2022 og miði stefndandi við að honum beri 15% desemberuppbótar, sem sé hófstíllt,

enda hafi hann hafið störf hjá stefnda 10. október það ár. Þá sé því heldur ekki mótmælt af hálfu stefnda að stefnanda hafi borið orlofsuppbót, sbr. greinar 1.4.2 og 1.3.2 í samningunum. Hún skyldi nema 56.000 krónum á árinu 2023 og við það sé miðað að stefnanda beri 26%, sem sé hófstíllt, enda hafi hann hafið störf hjá stefnda 10. október 2022. Útreikningi þessara uppbóta hafi ekki verið mótmælt af hálfu stefnda.

Dómkröfu sína sundurliðar stefnandi nánar tiltekið á eftirfarandi vegu:

Október		Nóvember		Desember	
<u>Dv.</u>	<u>Yv.</u>	<u>Dv.</u>	<u>Yv.</u>	<u>Dv.</u>	<u>Yv.</u>
78,57	13,92	106,33	4,67	88,00	25,00
2.500	4.500	2.690	4.843	2.690	4.843
196.425	62.640	286.069	22.615	236.754	121.068
Laun	259.065	Laun	308.685	Laun	357.822
Orlof	26.347	Orlof	31.393	Orlof	36.390
Samtals	285.412	<u>Des.u. 15%</u>	14.700	Samtals	394.212
		Samtals	354.778		

Janúar		Febrúar	
<u>Dv.</u>	<u>Yv.</u>	<u>Dv.</u>	<u>Yv.</u>
136,00	17,78	72,00	0
2.690	4.843	2.690	4.843
365.893	86.103	193.708	0
Laun	451.996	Laun	193.708
Orlof	45.968	Orlof	19.700
Samtals	497.964	<u>Orl.u. 26%</u>	14.560
		Samtals	227.968

Inn á skuldina hafi verið greiddar samanlagt 858.776 krónur, sem dragast skuli frá kröfunni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Hinn 1. nóvember 2022 samanlagt 100.000 krónur sem greiddar hafi verið í reiðufé á fyrri hluta starfstíma stefnanda hjá stefnda, 18. þess mánaðar 75.000 krónur og 28. sama mánaðar 40.000 krónur. Dagana 1. desember 2023 20.207 krónur og í tveimur greiðslum 21. sama mánaðar, annars vegar 161.981 króna og hins vegar 74.000 krónur. Hinn 2. febrúar 2023 8.000 krónur og 197.871 krónu næsta dag, en gefinn hafi verið út launaseðill fyrir greiðslu 229.648 króna. Loks hafi stefnandi fengið 124.586 krónur greiddar 1. mars 2023, en gefinn hafi verið út launaseðill fyrir greiðslu 149.940 króna. Stefndi hafi ekki mótmælt tilgreiningu

stefnanda á innborgunum, sem þó hafi tekið lítilsháttar breytingum í sókn stefnanda miðað við kröfugerð samkvæmt stefnu, stefnda til hagsbóta. Stefnandi miði innborganir við greiðslur í reiðufé og með innlögnum á bankareikning hans í þeim tilvikum sem hann hafi ekki launaseðil undir höndum á móti greiðslu, enda sé hann þá persónulega ábyrgur fyrir skilum á staðgreiðslu af launum með stefnda, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Stefndi hafi ekki í öllum tilvikum gefið út launaseðla, þrátt fyrir skyldu sína samkvæmt grein 1.10.3 í eldri kjarasamningnum og 1.9.3 í þeim yngri, og verði að bera hallann af því. Hvað varði greiðslur vegna janúar og febrúar 2023 hafi stefndi seint gefið út launaseðla vegna þeirra, og miði stefnandi því útreikning innborgana að því leyti við brúttólaun, enda þá með launaseðil undir höndum sem sönnun fyrir afdreginni staðgreiðslu og því ábyrgur fyrir henni. Stefnandi hafi skorað á stefnda að leggja fram fleiri launaseðla og lýst því yfir að krafa sín yrði lækkuð að þessu leyti ef það yrði gert, en þar sem ekki hafi aðrir launaseðlar komið fram vegna launagreiðslna til stefnanda hafi dómkröfur ekki lækkað frekar. Verði á hinn bóginn taldar forsendur til þess sé unnt að dæma stefnanda lægri fjárhæð en krafist er með hækkun innborgana miðað við brúttófjárhæð. Stefnandi byggir engu að síður á að ekki sé nægjanlegt að skilagreinum hafi verið skilað, enda séu þær ekki flokkaðar eftir einstaka starfsmönnum.

Enn fremur vísar stefnandi til þess að tölulegur málatilbúnaður hans hafi ekki sætt efnislegum andmælum, heldur aðeins forsendur hans. Þannig hafi stefndi ekki sett fram neinar varakröfur. Á hinn bóginn sé unnt að dæma stefnda til greiðslu lægri fjárhæðar verði ekki fallist á málatilbúnað stefnanda að öllu leyti. Það breyti engu þó að stefnandi hafi ekki settar fram formlegar varakröfur, enda sé þá heimilt að dæma lægri fjárhæð, á nánar tilgreinda vegu, en þeirrar sem krafist sé.

Þá byggir stefnandi á því að þar sem fyrirsvarsmaður stefnda hafi ekki gefið aðilaskýrslu og að ekki hafi verið leidd vitni af hálfu stefnda, eins og boðað hafi verið í greinargerð, og verði stefndi að bera hallann af því.

Kröfur um dráttarvexti, þar með talda vaxtavexti, styðji stefnandi við reglur III. kafla laga nr. 38/2001, einkum 1. mgr. 5. og 1. mgr. 6. gr. laganna. Gjaldldagi launa hvers mánaðar sé fyrsti virki dagur næsta mánaðar á eftir, sbr. grein 1.10.2 í eldri kjarasamningnum og grein 1.9.2 í þeim yngri.

Kröfu um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og kveður kröfu um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun reista á

lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn á að fá dóm fyrir virðisaukaskatti úr hendi stefnda.

IV

Stefndi byggir sýknukröfu á því að hann hafi þegar greitt stefnanda meira en honum hafi borið vegna vinnu hans í þágu stefnda.

Ekki hafi verið um fullt starf að ræða, svo sem ráða megi af aðdraganda og tilefni þess að stefnandi hóf störf fyrir stefnda. Rekstur stefnda hafi verið þannig að full eða regluleg vinna hafi ekki verið í boði, hvorki fyrir fyrirsvarsmann stefnda né stefnanda. Það hafi öllum mátt vera ljóst, einnig verkkaupum og öðrum verktökum á verkstað. Stefnandi hafi sjálfur aldrei talað eins og hann væri í fullu starfi, heldur hafi sá tónn fyrst heyrst eftir að starfsmenn AFLs Starfsgreinafélags hafi komið að málinu. Sú tímaskráning sem aðilar hafi haldið staðfesti einnig að þeir hafi í verki ekki litið svo á að um væri að ræða fullt starf. Skylda til gerðar skriflegs ráðningarsamnings eigi ekki við um tilfallandi íhlaupavinnu. Miðað við aðstæður allar verði stefnandi að bera sönnunarbyrði fyrir því að efni ráðningarsambands aðila hafi verið annað en stefndi lýsi.

Stefndi byggir á því að samkomulag um launakjör og fyrsta launagreiðsla hafi verið í nóvember 2022 og því beri að miða við almenna kjarasamninga sem tekið hafi gildi þau mánaðamót. Laun þau sem samið hafi verið um, þ.e. 2.500 krónur á klukkustund í dagvinnukaupi, eigi því að miðast við þann kjarasamning. Þannig sé því mótmælt að reikna eigi hækkun á þann taxta, þegar skipt hafi verið um kjarasamning.

Þá mótmælir stefndi því að stefnandi hafi átt rétt til að fá greidd laun í veikindum þar sem um tilfallandi íhlaupavinnu hafi verið að ræða. Auk þess sé á því byggt að veikindadagar stefnanda hafi verið mun fleiri en fastráðinn starfsmaður með sama aldur hafi átt rétt á. Þá sé mótmælt þeim málalíbúnaði stefnanda að stefndi hafi ákveðið að skilgreina stefnanda veikan. Um sé að ræða daga þar sem stefnandi hafi ekki unnið og sjálfur tekið ákvörðun um að vilja ekki vinna þá daga. Eftiráskýringar séu ósannaðar.

Þá mótmælir stefndi túlkun stefnanda á grein 1.10 í yngri kjarasamningnum. Tilgangur ákvæðisins sé að tryggja mönnum laun á samningsbundnum frídögum eftir samfellt starf í ákveðinn tíma, en það eigi ekki við um íhlaupavinnu. Því síður felist í því að óregluleg íhlaupavinna breytist í fullt starf þegar greindum starfstíma sé náð.

Þá mótmælir stefndi umfjöllun stefnanda um að matar- og kaffitímar hafi ekki verið virtir. Stefnandi hafi tekið matar- og kaffitíma samkvæmt kjarasamningum. Stefnandi hafi

aldrei ætlast til annars, nema í einstöku tilviki þegar annar aðili hafi verið á verkstað með gámalyftara og fyrirsvarsmaður stefnda orðið að vera yfir því í matartíma.

Stefnanda (sic) beri að skila afdreginni staðgreiðslu til ríkissjóðs og hafi eða muni gera það. Stefnukröfu sé mótmælt að því leyti sem hún byggir á að stefnda beri að greiða stefnanda þann hluta launa sem skylt sé að halda eftir og greiða innheimtumanni ríkissjóðs vegna skatta. Í greinargerð kveðst stefndi ætla að afla gagna um þetta.

Tímaskráningar aðila stemmi ekki. Stefndi leggi fram samantekt sína yfir unnar stundir stefnanda sem þó sé ekki að fullu yfirfarin af fyrirsvarsmönnum stefnda og verði því að gera fyrirvara við hana. Stefndi hafi einnig tekið saman vinnustundir stefnanda og þá hafi stefnandi sent stefnda tímaskráningar sínar í tölvupósti. Tímaskráningar stefnanda sýni að hann hafi, líkt og stefndi, ekki talið að um fullt starf væri að ræða. Þá hafi tímaskráningarkerfið Tímon verið notað af báðum aðilum, sumar skráningar þar stafi einhliða frá stefnanda og aðrar frá stefnda og einnig hafi verið gerðar leiðréttingar inni í þessu kerfi. Í greinargerð kveðst stefndi ætla að leggja fram betri gögn úr kerfinu.

V

Mál þetta varðar ágreining aðila um hvort stefnandi hafi að fullu fengið greidd laun fyrir störf sín í þágu stefnda eða ekki. Nánar tiltekið telur stefnandi sig ekki hafa fengið fullar greiðslur vegna þeirra með þeim greiðslum sem þó er ágreiningslaust að stefndi hafi innt af hendi, andspænis því að sýknukrafa stefnda byggist á því að stefnandi hafi með þeim greiðslum fengið að fullu greitt.

Þar að baki liggur ágreiningur aðila um hvort stefnandi hafi ráðist í fullt starf hjá stefnda eða einvörðungu í tilfallandi vinnu. Mat á því markar að hluta hver réttindi stefnanda í vinnusambandinu hafi verið, sem og ákvörðun um réttmæti dómkröfu stefnanda að öðru leyti. Áhrif þar á hefur einnig hvaða kjarasamningur eða kjarasamningar hafi tekið til vinnusambandsins og þá eftir atvikum hvort laun stefnanda hafi átt að hækka á tíma þess. Jafnframt greinir aðila á um tímaskráningu vegna vinnu stefnanda, meðal annars á veikindadögum, og þar með fjölda vinnustunda sem stefnda beri að greiða fyrir. Loks liggur fyrir dóminum að meta áhrif þess að launaseðlar hafi ekki verið gefnir út til stefnanda vegna allra mánaða. Málflutnings skjöl aðila bera ekki með sér teljandi ágreining um önnur atriði, en í ljósi sýknukröfu stefnda og að því leyti sem réttmæti dómkrafna stefnanda byggist á ákvæðum laga og kjarasamninga er gætt að

því, að því marki sem lög leyfa, að þær eigi réttmæta skírskotun til þeirra andspænis mótmælum um frekari greiðslur til handa stefnanda.

Aðila greinir sem fyrr segir ekki á um þær greiðslur sem stefndi hefur sannarlega innt af hendi til stefnanda. Einnig er ágreiningslaust að stefnandi hóf störf fyrir stefnda í október 2022. Aðila greinir heldur ekki á um að um kjör stefnda fari sem félagsmanns í AFLi Starfsgreinafélagi, og þá samkvæmt gildandi kjarasamningi þess félags á hverjum tíma við atvinnurekendur, samkomulagi aðila til fyllingar og um lágmarksréttindi stefnanda. Þannig er ljóst að án tillits til þess hvenær aðilum nákvæmlega samdist um að stefnandi fengi 2.500 krónur greiddar á tímum í dagvinnu hafi kjör stefnanda að því leyti gilt frá þeim tíma sem hann hóf störf fyrir stefnda. Af því leiðir að hin umsömdu kjör hans byggðust í fyrstu á kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og AFLs Starfsgreinafélags sem gildi frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022 og svo til hækkunar á grundvelli nánar tilgreindra ákvæða kjarasamnings milli Samtaka atvinnulífsins og SGS, vegna allra aðildarféлага SGS nema Eflingar – stéttarfélags, sem gildi frá síðar tilgreindu dagsetningunni til 21. janúar 2024.

Þá er til þess að líta að ákvæði kjarasamninganna kveða á um skyldu vinnuveitenda til að gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmann að tilgreindum skilyrðum uppfylltum. Í grein 1.14.1 í eldri kjarasamningnum og samhljóða grein 1.13.1 í hinum yngri er mælt fyrir um að sé starfsmaður ráðinn til lengri tíma en eins mánaðar og að meðaltali lengur en átta klukkustundir á viku skuli eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að starf hefst gerður skriflegur ráðningarsamningur eða ráðning staðfest skriflega. Í samhljóða greinum 1.14.3 og 1.13.3 í samningunum segir meðal annars að fyrrgreint ákvæði gildi ekki við ráðningu í tilfallandi störf, að því tilskildu að hlutlægar ástæður liggi því til grundvallar.

Í málinu byggir stefndi á því að af aðstæðum hafi mátt vera ljóst að ekki væri um að ræða fastráðningu í fullt starf. Það beri samskipti stefnanda og fyrirvarsmanns stefnda í smáskilaboðum með sér. Þannig lét stefnandi fyrirvarsmanninn annars vegar vita af því með skilaboðum 30. september 2022 að hann væri „til í eins mikla svarta vinnu eins og þu getur boðið þangað til að við förum að vinna á fullu“ og með skilaboðum 8. október 2022 falaðist stefnandi eftir „eh kannski svart fyrir mig að hjálpa þer að gera?“. Við þær aðstæður og með vísan til fyrrgreindra kjarasamningsákvæða þurfi ekki að gera skriflegan samning. Tímaskráningar séu einnig til marks um að þannig hafi aðilar litið á vinnusambandið.

Stefnandi byggir á hinn bóginn á því að hann hafi ráðið sig í fast starf hjá stefnda og hagar kröfugerð sinni á þann veg, og málatilbúnaði að öðru leyti, að fyrsta mánuðinn njóti stefndi vafa um starfshlutfall stefnanda og því sé kröfugerð þann mánuð miðuð við raunvinnu. Upp frá því byggist kröfugerðin á að um fullt starf hafi verið að ræða og fastráðningu. Aðilum hafi samist um að svo yrði þegar starfsemi stefnda yrði klár eftir nokkrar vikur. Stefnandi telur sannað að í október 2022 hafi aðilar komist að samkomu- lagi um ráðningarkjör. Þau hafi verið um fastráðningu stefnanda í fullt starf eftir fyrsta mánuðinn og um 2.500 króna dagvinnulaun við upphaf ráðningar. Stefnandi byggir að þessu leyti einnig á skráningum vinnustunda stefnanda árið 2022 sem sendar hafi verið stefnda. Unnið hafi verið alla virka daga fyrir utan fyrsta mánuðinn og jólafrí stefnanda. Jafnframt megi sjá það á vinnustundaskráningum á árinu 2023 í tímaskráningarkerfinu Tímoni. Sömuleiðis á því að stefndi hafi skráð stefnanda fastráðinn starfsmann í það kerfi og þeim lágmarksréttindum kjarasamninga sem stefndi verði að hlíta. Enn fremur verði stefndi að bera hallann af því að hafa ekki gert ráðningarsamning við stefnanda, svo sem honum hafi borið, að hafa ekki lagt fram gögn til að hnekkja sönnunarfærslu stefnanda og að hafa ekki leitt vitni til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins.

Fyrir dóminum liggja meðal annars framangreind samskipti í smáskilaboðum um að stefnandi falaðist haustið 2022 eftir svartri vinnu í þágu stefnda þar til þeir færu að „vinna á fullu“, en einnig skjáskot úr tímaskráningarkerfinu Tímoni og yfirlit stefnda um vinnu stefnanda á árinu 2023 úr því kerfi ásamt annarri skráningu um stefnanda í því kerfi hjá stefnda. Þá er í ljós leitt samkvæmt því sem að framan segir að fyrrgreindir kjarasamningar giltu um vinnusamband aðila. Eins og málið horfir við dóminum var án tillits til inntaks vinnusambands aðila í upphafi rétt að halda utan um tímaskráningu, meðal annars vegna yfirvinnu stefnanda. Dómurinn telur ekki tækt að leggja til grundvallar, að virtum hinum tilgreindu ákvæðum kjarasamninga, samskiptum aðila í aðdraganda þess að stefnandi hóf störf, tímaskráningum aðila á árinu 2022 og tímaskráningu og auðkenningu stefnda í tímaskráningarkerfinu Tímon árið 2023, að stefnandi hafi einvörðungu verið ráðinn til tilfallandi starfa. Í þeim efnum er einkum litið til lengdar vinnusambandsins, fjölda og samfellu vinnustunda á viku og að ekki eru merki um teljandi breytingar á vinnusambandinu frá haustmánuðum 2022 til starfsloka samkvæmt framan- sögðu. Þá þykja samskiptin í aðdraganda þess að stefnandi hóf störf og fjöldi vinnustunda og samfella þeirra einnig í samræmi við þann málatilbúnað stefnanda að full vinna hafi

staðið til boða og úr henni orðið, auk sem „ráðningartegund“ hans í tímaskráningar-kerfinu Tímoni ber skýrlega með sér auðkenningu um fastráðningu iðnaðarmanns án sveinsprófs. Jafnframt verður stefndi að bera hallann af því að hafa ekki formgert ráðninguna skriflega, líkt og bar samkvæmt framangreindu í ljósi aðstæðna að gera. Ekki verða séðar hlutlægar ástæður fyrir því sem leyst hefðu getað stefnda undan þeirri skyldu vegna þess sem áður segir. Þá verður ekki síður horft til þess að stefndi boðaði sérstaklega frekari sönnunarfærslu undir rekstri málsins til að hnekkja sönnunarfærslu stefnanda að því leyti sem hér um ræðir og til stuðnings því að starf stefnanda hafi einungis verið tilfallandi. Ekki kom til þess að úr henni yrði. Því verður lagt til grundvallar við úrlausn málsins að eftir fyrsta mánuðinn hafi stefnandi verið fastráðinn í fullt starf líkt og mála-tilbúnaður stefnanda byggist á.

Hvað skráningu vinnustunda áhrærir er til þess að líta að stefndi hefur heldur ekki hnekk skráningum stefnanda á vinnustundum árið 2022 sem gögn málsins bera með sér að unnar hafi verið og kynntar stefnda á því ári. Er þá sömuleiðis horft til þess að skráningar stefnda á vinnustundum stefnanda það ár eru fram til desembermánaðar því sem næst í fullu samræmi við málatilbúnað og skráningar stefnanda, en í ósamræmi við málatilbúnað stefnda sjálfs um að hafa greitt laun stefnanda að fullu, með eða án tillits til kjarasamningsbundinna launahækkana. Aukinheldur hefur stefnanda með gagnaframlagningu fyrir dómi tekist að leiða slíkum líkum að því að hafa ranglega verið skráður veikur af stefnda þegar hann starfaði í þágu stefnda á heimili forsvarsmanna félagsins að trúverðug gögn og skýringar um hið gagnstæða þyrftu að hafa komið fram. Meðal annars á þeim grunni verður mismunur á tímaskráningum aðila í desember 2022 ekki skýrður með óréttmætri fjarveru stefnanda, heldur verða skráningar stefnanda og þau kjarasamningsbundnu réttindi sem honum báru þá um haustið lögð til grundvallar því að dómkrafa hans að þessu leyti sé réttmæt.

Hið sama verður lagt til grundvallar vegna vinnu stefnanda árið 2023 og hefur stefndi ekki hnekk fyrirbyggjandi gögnum um skráningar á árinu 2023 þrátt fyrir að hafa boðað sönnunarfærslu þar um. Þá ber málatilbúnaður stefnanda, að teknu tilliti til réttinda samkvæmt kjarasamningi og fyrirbyggjandi gögnum, ekki síst viðurkenningu stefnda á veikindarétti stefnanda samkvæmt launaseðlum, heldur ekki með sér að krafa hans sé óréttmæt vegna of margra veikindadaga árið 2023. Er þá í sömu andrá horft til þess að stoðum hefur heldur ekki verið skotið undir aðrar sams konar fullyrðingar af hálfu stefnda vegna ársins 2022, en einnig að í ljósi þess sem fram er komið dugi mótmæli

stefnda að þessu leyti ekki án þess að annað og meira komi til. Því þykja launakröfur stefnanda ekki óréttmætar vegna of margra veikindadaga á meðan á vinnusambandinu stóð.

Enn fremur verður, með vísan til afstöðu aðila í málsflutningsskjölum og sönnunargagna málsins, lagt til grundvallar að stoð hafi verið færð fyrir kröfum stefnanda vegna orlofs og desemberuppbótar. Loks er, í ljósi þess sem liggur fyrir um greiðslur til stefnanda án þess að launaseðlar hafi verið gefnir út á móti þeim og gögnum um skil á staðgreiðslu launa, fallist á að tekið verði tillit til persónulegrar ábyrgðar stefnanda á skilum staðgreiðslu, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 45/1987. Í stefnu og undir rekstri málsins var skorað á stefnda að gefa út launaseðla til að bæta úr þessu gegn breytingum á dómkröfu, stefnda til hagsbóta, en ekki var orðið við því eða gagna aflað að þessu leyti, en hið síðast greinda var þó boðað í greinargerð.

Að öllu framangreindu virtu verður stefnda gert að greiða stefnanda ógreiddar eftirstöðvar launagreiðslna vegna vinnu stefnanda í þágu stefnda í samræmi við kröfu stefnanda þar að lútandi á grunni tilvitnaðra ákvæða kjarasamninga um útreikning launa, eins og greinir í dómsorði. Þar af er fallist á með vísan til kjarasamningsbundinna gjald-daga launa að fjárhæðin beri dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá fyrsta degi hvers mánaðar að frádregnum innborgunum eins og greinir í dómsorði. Óþarft þykir að kveða sér í lagi á um að áfallnir dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti og að nýir dráttarvextir reiknist af samanlagðri fjárhæð, þar sem það leiðir ótvírætt af 1. mgr. 12. gr. sömu laga sem vísað er til af hálfu stefnanda að þessu leyti.

Að virtum úrslitum málsins og því að stefndi hefur tapað því í öllu verulegu í skilningi 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað að meðtöldum virðisaukaskatti. Hann þykir að teknu tilliti til þess hvernig mál þetta er vaxið, og að virtri tímaskýrslu lögmanns stefnanda, hæfilega ákveðinn 1.400.000 krónur.

Hákon Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Reisugil ehf., greiði stefnanda, Tristani Aðalsteinssyni, 1.760.334 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 285.412 krónum frá 1. nóvember 2022 til 1. desember sama ár, af 640.190

krónum frá þeim degi til 1. janúar 2023, af 1.034.402 frá þeim degi til 1. febrúar sama ár, af 1.532.366 krónum frá þeim degi til 1. mars sama ár og af 1.760.334 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum 100.000 króna 1. nóvember 2022, 75.000 króna 18. nóvember 2022, 40.000 króna 28. nóvember 2022, 20.207 króna 1. desember 2022, 161.981 krónu 21. desember 2022, 74.000 króna 21. desember 2022, 8.000 króna 2. febrúar 2023, 229.648 króna 3. febrúar 2023 og 149.940 króna 1. mars 2023, samanlagt 858.776 krónum, sem dragast skuli frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardögum.

Stefndi greiði stefnanda 1.400.000 krónur í málskostnað.

Hákon Þorsteinsson